

## Skýrsla Hafréttarstofnunar Íslands fyrir árið 2006

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið.

Forstöðumaður stofnunarinnar í hlutastarfi er Tómas H. Heiðar sem er jafnframt þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu. Stjórn stofnunarinnar skipuðu Sverrir Haukur Gunnlaugsson og Magnús K. Hannesson af hálfu utanríkisráðuneytisins, Stefán Ásmundsson og Kolbeinn Árnason af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins, og Eiríkur Tómasson og Björg Thorarensen af hálfu Háskóla Íslands.

Hinn 2. maí undirrituðu Geir H. Haarde utanríkisráðherra, Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, samning um Hafréttarstofnun Íslands og leysir hann samninginn frá 8. febrúar 2002 af hólmi.

Sama dag var gengið frá samningi milli Háskóla Íslands, vegna lagadeildar, og Hafréttarstofnunar Íslands um kennslu og rannsóknir í auðlindarétti. Samningurinn kemur til framkvæmda á árinu 2007 og mun stofnunin þá veita Háskóla Íslands framlag vegna stöðu lektors í auðlindarétti við lagadeild að fjárhæð kr. 1.750.000.-.

Hafréttarstofnun auglýsir árlega styrki til náms í hafrétti. Annars vegar er um að ræða styrki til framhaldsnáms í hafrétti en engin umsókn barst í ár.

Hins vegar er um að ræða styrki til íslenskra þátttakenda og þátttakenda frá þróunarlöndum í námskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti sem haldið var 2.–21. júlí. Hafréttarstofnun veitti tveimur Íslendingum, Finni Þór Birgissyni og Guðna Gunnarssyni, styrki til þátttöku í námskeiðinu. Enn fremur veitti stofnunin nokkrum einstaklingum frá þróunarríkjum styrki til þátttöku í námskeiðinu.

Hafréttarstofnun á aðild að Ródos-akademíunni og á forstöðumaður stofnunarinnar sæti í stjórn akademíunnar. Árlegt námskeið akademíunnar í hafrétti er helsta námskeið á þessu sviði í heiminum. Forstöðumaður annaðist yfirumsjón, kennslu og prófun í einni viku námskeiðsins í ár.

Hafréttarstofnun efndi til málstofu um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegs fjölbreytileika hafsins í Lögbergi 7. apríl. Erik J. Molenaar frá Hafréttarstofnun Hollands (NILOS) og Háskólanum í Utrecht hélt fyrirlestur en forstöðumaður stýrði málstofunni, sem var vel sótt, og flutti inngang.

Í tilefni af því að 30 ár voru liðin frá lokum landhelgismálsins 1. júní 2006 gaf Hafréttarstofnun út ritið „Þorskastríðin þrjú – saga landhelgismálsins 1948–1976“ en höfundur þess er Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur. Forstöðumaður ritaði eftirmála. Prentun annaðist Prentsmiðjan Oddi.

Af sama tilefni efndi Hafréttarstofnun til málstofu um þorskastríðin þrjú í Hátíðasal H.Í. 1. júní. Við það tækifæri voru fyrstu eintök framangreind rits afhent og

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra, Geir H. Haarde utanríkisráðherra og Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra fluttu ávörp. Að því loknu fluttu Guðni Th. Jóhannesson og Peter Hennessy, prófessor í breskri nútímasögu við Háskólann í London, erindi og loks voru fyrirspurnir og umræður. Málstofan var mjög fjölsótt.

Af sama tilefni veitti Hafréttarstofnun styrk til útgáfu fylgiblaðs með Morgunblaðinu 31. maí 2006, „Átökin um auðlindina“.

Hafréttarstofnunin við Virginíuháskóla, Marine Law and Ocean Policy Centre, Galway, Írlandi, og Hafréttarstofnun Íslands efndu til alþjóðaráðstefnu um „Law, Science and Oceans Management“ í Dublin 12.–14. júlí. Forstöðumaður og Stefán Ásmundsson tóku þátt í ráðstefnunni af hálfu Hafréttarstofnunar og í pallborðsumræðum. Forstöðumaður, ásamt Myron H. Nordquist, Ronán Long og John Norton Moore, ritstýrði ráðstefnuritinu „Law, Science and Oceans Management“.

Forstöðumaður ritaði grein, “Emerging UN Law of the Sea Issues”, sem birtist í ritinu “Recent Developments in the Law of the Sea and China”.